

Judy Anderson

SÁTTMÁLAR UM SAMSKIPTI

HVAÐ ER MIKILVÆGAST?



Eyvindarholti - 225 Álftanes

860 7470 – magni.hjalmarsson@simnet.is

www.sunnuhvoll.com

ÁLFTANESI 2004

Dagskrá 20. janúar

11:30-11:45

Að loknum almenna fundinum finnur þú í hólfinu þínu í hvaða hópi þú verður og kemur þér fyrir þar sem þú átt að vera. Við ætlum að byrja að vinna 11:45.

11:45-12:00

Komið saman í litlu hópana. Lesið lífsgildin og setningarnar sem samdar hafa verið og hver og einn á að gera eftirfarandi:

- Settu spurningamerki (?) fyrir framan yfirlýsingu ef þú skilur hana ekki.
- Settu stafinn "S" fyrir framan yfirlýsingu ef þú ert samþykktur henni.
- Settu stafinn "Ó" fyrir framan yfirlýsingu ef þú er ósamþykktur henni.
- Breyttu yfirlýsingu sem þú ert næstum samþykkt(ur).
- Bættu við yfirlýsingu ef þér finnst það nauðsynlegt.

12:00-12:30

Litlu hóparnir velja ritara og talsmann. Ræðið saman um gildin og setningarnar og ræðið viðbætur og athugasemdir hvers og eins. Komist að samkomulagi og skrifið niður álit hópsins.

12:30-12:45 Hlé

SAMTAKAMÁTTUR FJÖLDANS

Maðurinn er félagsvera. Við höfum yndi af að vera með öðru fólki, skiptast á skoðunum og skemmtisögum - bera saman bækur - og skipta verkum milli okkar. Við erum afkomendur fólks sem þjappaði sér saman til að komast af. Frá þeim höfum við fengið sameiginlega í arf lífsgildi og hugsjónir. Bæði Bandaríkin og Kanada voru mynduð af frjálsum félagasamtökum ólíkra ríkja eða héraða. Þau gerðu með sér samninga til að tjá fyrirheit um hvað þau gætu orðið sameiginlega.

Bæði ríkin voru mynduð þannig að einstaklingar skiptust á skoðunum, hlustuðu á sjónarmið hvors annars, settu niður deilur og sköpuðu hugsjónir. Hin lýðræðislega aðferð byggist á sífelldum umræðum af því tagi. Þetta er auðveldara í smærri ríkjum eins og Noregi með sex milljónir íbúa eða Sviss með fjórar. En það er gríðarlegt verkefni í stórum ríkjum á borð við Bandaríkin og Kanada.

Lítill og minnkandi kosningaþátttaka, sem sýnir að lýðræðislegar stofnanir hafa misst traust kjósenda,

FYLGISKJAL UNDIRBÚNINGUR SAMRÁÐS

22. nóvember.

Til: Alls starfslíðsins
Frá: Judy Anderson
Efni: Skipulagsdagur

Til að undirbúa 29. nóvember gjörið svo vel að lesa meðfylgjandi kafla úr bókinni *Fimmta fagið* eftir Peter M. Senge. Þessir kaflar fjalla um hvernig þróa má sameiginlega sýn út frá eigin sýn einstaklinganna. Vinsamlegast komið þannig undirbúin að þið hafið hugleitt ykkar eigin sýn um það hvernig skólinn okkar eigi að vera næsta skólaár. Þegar við höfum sagt frá þeim hugleiðingum í litlum hópum, munið þið ræða sameiginlega sýn fyrir skólaárið. Sem starfsmenn skólans munum við síðan svara spurningunni: "Hvar á áherslan að liggja í skólanum þetta árið?" Síðan munum við ákveða í framkvæmdaáætlun hvernig við komumst þangað sem við viljum fara og hin sameiginlega sýn segir til um.

Senge leggur áherslu á: "Það getur orðið og er oft ágreiningur um sýnina.... Jafnvel þó fólk hafi sömu sýn, getur það haft margar ólíkar skoðanir á því hvernig á að nálgast hana." Síðan segir hann að "í góðum hópi verður ágreiningur til þess að styrkja hópinn og skapa nýja möguleika Munurinn á góðum hópi og venjulegum hópi felst í því hvernig fólk horfir á ágreining og hvaða tökum það tekst á við

Hægt er að ná árangri ef við sýnum börnum okkar að við getum 1) talað út frá gildum sem við trúum að séu mikilvæg 2) hlustum með virðingu á skoðanir hvers annars 3) leysum úr þrætum og 4) sköpum sameiginleg markmið. Í bók sinni *Renewing America's Schools: A Guide for School-Based Education* segir Carl Glickman að meginhlutverk skólakerfisins eigi að vera að fjalla um og kenna lýðræðishefðirnar. Hann segir að hægt sé að mennta nemendur í þessa veru og kenna þeim að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum með því að þeir kynnist í daglegri umgengni og af eigin raun margvíslegu fólki í skólunum sjálfum. Þeir geta lært að taka lýðræðislegar ákvarðanir með því að finna jafnvægi milli frelsis einstaklingsins og hags heildarinnar.

Thomas Sergiovanni talar um hvernig nemendum eru kennd lýðræðisleg vinnubrögð. Hann segir:

"Auðvitað hafa hinir fullorðnu sérstöku hlutverki að gegna við að skapa lifandi, lýðræðislegt samfélag í skólunum. Þeir kenna nemendum að þekkja gildi lýðræðissamfélagsins og hæfni til virkrar

annan bekk þegar komið var fram í maí. Skólaárið var að verða búið og kennarinn var enn að vitna til bekkjarsáttmálans. Hún var að undirbúa nemendur sína fyrir verkefnavinnu, en þeir voru að fara vinna við samvinnuverkefni um regnskóga og höfðu umbreytt stofunni sinni. Kennarinn sagði: “Við erum að fara að vinna í regnskógaverkefninu. Hvað munduð þið *sjá og heyra* hér í dag ef allir í bekknum væru öruggir og færu varlega? (beðið svars frá nemendum), - en ef allir myndu vinna eins og ein liðsheild?... (kennari gerir hlé), - en ef þið væruð dugleg og væruð að gera ykkar besta... (hlé) - og ef þið væruð að sýna hvert öðru virðingu og þeim hlutum sem eru í stofunni?... (hlé). - Þið þurfið ekki að svara upphátt - Hugleiðið þetta”.

Kennarinn notar viðtengingarhátt meðvitað. Hann er meðvitaður um að predika ekki, en er þess í stað að skapa í huga krakkanna mynd af því hvernig þau gætu verið og vildu vera, ef það væri mögulegt. Þetta er ekki endilega hvernig síðasti tími var eða þar áður heldur er bara horft fram á veginn og fundin ný, betri og traustari

samstöðu og eindrægni. Með því er leitast við að taka með í reikninginn þarfir allra og ekki bara sumra.

BEKKJAR- OG SKÓLASÁTTMÁLINN

Sáttmálinn og gerð hans býður upp á að við notum siðvitið. Við förum að leiða hugann að tveimur spurningum:

- 1) Hver vil ég vera?
- 2) Hvernig framkomu finnst mér að fólk eigi að sýna hvert öðru eða hvernig við eigum að reynast öðrum?

Það er auðveldara að vinna að gerð bekkjar- og skólasáttmála, ef búið er að læra um þarfirnar. Það er líka kostur við gerð sáttmála, ef búið er að kynna hugmyndir úr kenningunni um sjálfstjórn mannsins, hugmyndir sem segja:

- Þú getur ekki stjórnað öðrum, aðeins sjálfum þér.
- Hver og einn lítur raunveruleikann sínum augum.

Lífsgildi starfsfólks í Nutana skólanum

Virðing

Dugnaður

Staðfesta og reglusemi

Allir geta náð árangri

Umhyggjusamt, umburðarlynt, hjálpsamt skólaumhverfi

Samstaða starfsmanna

Allir eru einstakir

Samræður og samvinna

yfir í grunnskóla, frá yngsta stigi yfir í miðstig og frá miðstigi yfir í unglingsstigi. Einnig má vinna með afmarkaðri verkefni en samskipti almennt og velja með börnunum mikilvægustu lífsgildin sem þjóna þeim. Þannig mætti hugsa sér að börnin séu beðin að velja hvaða gildi eru mikilvægust svo við getum "iðkað menntun kæra" , (eins og segir í heilræðavísunum sr. Hallgríms) og spyrja hvað sé mikilvægast fyrir þau að hafa í huga svo þau læri og njóti sín við það. Teymi kennara getur byrjað starf sitt með því að útbúa Y-spjöld um mikilvæg atriði í markmiðssetningu til að hafa í heiðri við teymisvinnuna. Til að ná samhljómi og forðast togstreitu í foreldrasamstarfi, getur kennari hvort heldur hann er með alla foreldrana á fundi eða með einstaka foreldra, byrjað fundinn með því að velja mikilvæg lífsgildi til að hafa að leiðarljósi í samvinnu um þau mál sem eru framundan. Myndmenntakennari getur nýtt sér vinnuna með lífsgildin og lagt verkefni fyrir nemendur að túlka þau í myndmáli. Leiðbeiningarnar sem hér fara á eftir eru til viðmiðunar og hægt að laga að ólíkum aldurshópum nemenda sem og foreldra og starfsmanna. Aðalatriðið í þessu

Friður þýðir að virða okkur sjálf, hvert annað og jörðina okkar.

Friðsemdarþekkur er sá sem hefur þessi leiðarljós:

- Við hlustum hvert á annað
- Allir nota falleg orð
- Við vinnum hljóðlega
- Þar er ekkert ofbeldi
- Við erum vingjarnleg

Við samþykkjum að vinna saman og skapa frið og ró í kennslustofunni.

(Undirskriftir allra í þekknunum)

Gjarnan eru skólasáttmálarnir hafðir stuttir og hnitmiðaðir svo auðvelt sé að muna þá.

- Við þorum, getum , viljum.
- Í skólanum berum við virðingu fyrir sjálfum okkur , öðrum og umhverfinu. Sameinuð stöndum við sterkust.
- Þá virðing og kærleikur varða leið, verður lífsgatan okkur greið.
- Skilja, trúa, takast.
- Virðing færir velgengni.

Annar bekkur

Við höfum öll samþykkt að við viljum að bekkurinn okkar sé:

Reglulega indæll og dásamleg fjölskylda góðra vina

Við samþykkjum:

Vinir reynast vel;
Peir nota falleg orð og góða siði;
Peir gæta hvers annars;
Peir hjálpast að
og gefa af sér.

Vinir gera sitt besta;
Peir skila góðu verki;
Peir takast á við erfiðleika og reyna aftur;
Peir láta ljós sitt skína;
Vinir hugsa vel um umhverfið;
Peir ganga vel um stofuna og allt í henni;
Peir ganga vel um náttúruna.

*Skrið af annars bekkjar nemendum í stofu 105
Sheridan Hills Skólanum
1994-1995*

(undirskrifað)

Að skipta einfaldlega um spurningar er þó ekki nóg. Reynslan hefur kennt okkur það. Þegar við í mínum skóla vorum að byrja að læra að nota uppbyggingarstjórn og spurðum "Hvaða gildi eru okkur mikilvæg?" í staðinn fyrir "Hver er reglan um...?" skildu nemendur ekki hvað við vorum að fara og það tók þá langan tíma fyrir þá að gera uppbyggingaráætlun. Við áttuðum okkur á því að við höfðum ekki rætt um gildi og mikilvægi þeirra. Við höfðum ekki fjallað um hvers konar skóla við óskuðum okkur, um hvers konar bekk við vildum skapa. Við höfðum ekki gert samkomulag með okkur og nemendum og sett í sáttmála og kennarahópurinn hafði heldur ekki gert með sér sáttmála um lífsgildi.

Hvað er sáttmáli um lífsgildi?

Hópur fólks dregur upp mynd af því hvernig framkomu og viðmót það vill sýna öðrum í hópnum og byggir það á sammannlegum lífsgildum. Hin sameiginlega hugmynd verður til úr hugmyndum þeirra einstaklinga sem mynda hópinn, með því að ákveðið ferli til að ná samstöðu er sett í gang. Á meðan sú vinna er í gangi

NEMENDA-T-SPJALD UM VIRÐINGU

VIRÐING	
ER	ER EKKI
Birtist / Hljómar svona:	Birtist ekki eða hljómar svona:
Rétta upp hönd	Sparkað
Segja frá	Ljót orð
Leyfa að vera með	Kýlt
Allir fá að skemmta sér	Uppnefni
Hætt þegar beðið er	Bit
Leika saman	Bækur rifnar
Sagt "Viltu leika"	Hlaupið
"Þakka þér fyrir"	"Ég vil ekki vera "Viltu
vera vinur minn?"	vinur þinn"
"Viltu gera svo vel"	
"Þú ert í fallettri peysu"	
Lesi saman	

Hvernig er sáttmáli um lífsgildi gerður?

Ferlið er meira virði en útkoman eða innihaldið. Hægt er að fara ýmsar leiðir. Hér koma nokkrar aðferðir til að skapa samstöðu:

1. Þjóðið öllum að segja frá persónulegum gildum sem þeir meta mest. Tala við sessunaut sinn, segja frá í litlum hópi og í stórum hópi.
2. Skapa aðstöðu til að fólk geti spurt hvert annað og fái tækifæri til að útskýra sjónarmið sín og hugmyndir.
3. Leitast við að skilja raddir sem virðast ósamhljóða meirihluta.
4. Til að forðast flokkadrætti þurfa ólíkir hópar að skiptast á skoðunum. Því ólíkari sjónarmið því betra.
5. Fremur en að reyna að sannfæra aðra um eigin sjónarmið, hlustar fólk á aðra og leitast við að skilja andstæð sjónarmið með það í huga að ná sameiginlegri niðurstöðu sem allir geta samþykkt.
6. Byrjið á persónulegum gildum og fjölskyldugildum. Þetta er upphafið sem allt byggist á. Síðan færið þið


ekki: Við sjáum/Við sjáum ekki. Við heyrum/ Við heyrum ekki. Í sjálfu sér skiptir ekki máli hvort unnið er á undan T-spjaldið eða bekkjarsáttmálinn en það þarf að vinna bæði verkefni. Þegar unnið er með T-spjöldin þarf að beina athyglinni að mismunandi stöðum í skólanum: Matsalnum, eðlisfræðistofunni, ganginum, skólalóðinni o.s.frv. Þá er spurt sem svo: “Ef við virðum umhverfið þegar við borðum í matsalnum hvað sjáum við þá og heyrum? Hvað myndum við ekki sjá eða heyra?”

”Hver erum við ef við getum gert þetta? Ekki svara núna, þetta er bara spurning til að velta fyrir sér?”

T-spjöldin hjálpa börnunum að hugsa um hvað þau myndu sjá, heyra og gera ef þau lifa í samræmi við lífsgildi sín. Hér að neðan eru dæmi um T-spjöld um virðingu unnin af kennurum og eitt sem nemendur unnu.

Verkefni um lífsgildi

- Hver og einn skrifar upp þau gildi sem hann er alinn upp við eða telur mikilvægust í fjölskyldu sinni. (2 mínútur)
- Segið frá í stærri hópi 4-6 og leitist við að skilja hvert annað. (4-6 mínútur)
- Náið samkomulagi um hvaða gildi hópurinn telur mikilvægust. Skriði þau niður. (4 mínútur)
- Allur hópurinn útbýr lista með lífsgildum. (5-10 mínútur)
- Útskýrið hugtök á listanum.
- Greinið þarfir að baki lífsgildanna.
- Fáðið umræður um hugtök sem ekki er samstaða um.
- Veljið litla hópa til að vinna frekar í málinu og leita bestu upplýsinga (rannsóknna).



Flokkað líka í þrjá flokka:

1. Öryggi.
2. Virðing fyrir sjálfum sér og öðrum.
3. Virðing fyrir umhverfinu.

með líkar áherslur og viljayfirlýsing skólans. Hér koma dæmi um hvernig bekkjarsamkomulag getur litið út.

Samkomulagið okkar	Teymið okkar
Vingjarnleg orð og gerðir.	Við erum öll sérstök.
Virðing fyrir skólastofunni og skólafélögum.	Það er pláss fyrir alla.
Vertu góður lagsmaður.	Við virðum hvert annað.
	Við munum vinna saman og hjálpast að.

Skólastjóri nokkur fór þannig að hún vann fyrst með kennurum sínum. Fyrst rétti hún þeim lista með skólareglunum og bað þá að finna lífsgildi að baki hverri reglu. Þetta var dálítið erfitt en kennararnir gátu í flestum tilfellum fundið af hverju reglurnar stöfuðu. Síðan rétti hún þeim svipaðar reglur sem hún hafði búið til um störf þeirra sjálfra. Hún bað nú kennarana aftur að finna lífsgildi að baki. Nú brá svo við að þeir

að gera. Við höldum að þetta kenni börnunum að forðast það sem er bannað. Hins vegar bendir margt í rannsóknum á heilastarfsemi mannsins til þess að þegar við segjum við barn: “Ekki hlaupa á ganginum...” þá muni það best eftir orðunum: “... hlaupa á ganginum...”. Það virkar eins og þegar sagt er: “Ekki hugsa um bleika fíla”. Hvað gerist þá?

Sáttmáli um lífsgildi kennir börnunum að hugsa um hvað á að gera, ekki hvað á að forðast að gera. Hann kennir börnunum líka að hugsa um af hverju þau myndu gera það sem þar stendur.

Byrjað var á þankahríð um reglur heima. Allir geta nefnt einhverja reglu sem gildir heima hjá þeim. Síðan voru reglurnar flokkaðar í þrjá flokka:

- (1) Öryggi.
- (2) Virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
- (3) Virðingu fyrir umhverfinu.

Kennararnir notuðu mismunandi lituð spjöld til að hjálpa krökkunum að átta sig á flokkuninni. Síðan var rætt um reglurnar í skólanum. Kennararnir notuðu líka litaspjöld til að flokka hugmyndirnar: Öryggi (rautt);

Góður skóli

Hvernig birtist hann?

Samvinna	Vingjarnleg framkoma
Glöð andlit	Einbeitt við námið
Skipst á	Leikir
Endurvinnsla	Hreint og snyrtilegt

Hvernig hljómar hann?

Talað
Hlegið
Sagt “hæ”
Hljómsveit spilar
Gestir koma í skólann
og segja: “Þetta er
yndislegur skóli”

Hvernig er líðanin þar?

Sæla og gleði
Stolt
Spennigur
Öryggi
Velliðan

Þessu næst voru börnin spurð: “Ef þetta er það sem þið viljið sjá, heyra og finna herna í skólanum, hvað segir það þá um ykkur sem persónur? Hvað segir það um hvaða lífsgildi þið metið mest?” Börnin unnu síðan í litlum hópum sem útbjuggu stór spjöld með mikilvægustu lífsgildum hvers hóps. Þeir þöktu svo

Hvað þýða hugtökin í sáttmálanum?

Gera okkar besta

- Vera þolinmóð
- Taka sér tíma
- Ekki gefast upp
- Vinna með vinum

Virða aðra og eigur þeirra

- Nota falleg orð
- Styðja hvert annað
- Vinna vel saman
- Vera góður
- Ekki meiða eða særa

Vinna saman eins og liðsheild

- Hjálpa hvert öðru
- Vinna með hverjum sem er
- Nota falleg orð
- Leggja sig fram

Fara varlega

- Ganga
- Hlusta á kennarann
- Binda skóreimar
- Vera örugg
- Fara varlega utan dyra og innan

Markmið skólans

Hver og einn:

- Kemur fram við aðra af virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum bæði til orðs og æðis.
- Fer vel með efnisleg verðmæti.
- Tekur ábyrgð á eigin hegðun.

Bekkjarsáttmáli

Til að hjálpa nemendum að tileinka sér skólasáttmálann fóru allir bekkir í gegnum megin hugtök skólasáttmálans:

- Virðing fyrir sjálfum okkur og öðrum
- Virðing fyrir umhverfinu
- Gera okkar besta
- Vinna saman
- Vera örugg